

**Ed.**

**1396. Nefndarálit**

[290. mál]

um frv. til l. um Ríkisendurskoðun.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum og fengið til viðræðna ýmsa aðila. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. með brtt. sem hann flytur á sérstöku þskj. Eru þær annars vegar um að forsetar Alþingis skipi forstöðumann stofnunarinnar og hins vegar um sjálfstæði hans í starfi. Vill meiri hl. leggja áherslu á sjálfstæði ríkisendurskoðanda og er í tillögunni gert ráð fyrir að hann njóti svipaðrar réttarstöðu gagnvart forsetum Alþingis og ríkissaksóknari hefur gagnvart dómsmálaráðherra. Loks er brtt. um brottfall þriggja greina úr upphaflega frv. og er það aðeins til leiðréttingar.

Alþingi, 20. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson,  
form., frsm.

Egill Jónsson.  
Valdimar Indriðason.

Guðrún Tryggvadóttir.